

A large red square with a white border, centered on a white background. The text 'Launabókhalð' is written in white inside the square.

Launabókhalð

Lög og reglur um launamál

Það eru ýmis lög og reglugerðir sem launagreiðandi þarf að þekkja til. Hér eru hlekkir á nokkur helstu:

[Lög um tekjuskatt](#)

[Lög um staðgreiðslu opinberra gjalda](#)

[Lög um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda](#)

[Lög um greiðslu verkkaups](#)

[Lög um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða](#)

[Lög um orlof](#)

[Reglugerð um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu](#)

Staðgreiðslustofn

- Launagreiðendum er skylt að draga staðgreiðslu opinberra gjalda frá launum
- Þeir sem starfa við eigin atvinnurekstur er skylt að draga staðgreiðslu frá reiknuðu endurgjaldi
- Staðgreiðslan er tekjuskattur sem rennur í ríkissjóð og útsvarið sem rennur til viðeigandi sveitarfélags
- Til staðgreiðsluskyldra launa teljast:
 - Hvers konar endurgjald fyrir vinnu
 - Ökutækjastyrkur
 - Hlunnindi
 - Flutningspeningar
 - Ferðapeningar
 - Dagpeningar
 - Aðrar starfstengdar greiðslur
- Heimilaður frádráttur frá tekjum er m.a. lífeyrissjóðsiðgjald, frádráttur á móti ökutækjastyrk og dagpeningum eða hliðstæðum endurgreiðslum á kostnaðir sem eru ferða- og dvalarkostnaður.

Greiðslur utan staðgreiðslu

- Reglugerð 591/1987 um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu er tæmandi upptalning á því sem má halda utan staðgreiðslu.
- Reglugerð um laun, greiðslur og hlunnindi utan staðgreiðslu
 - Hér eru nokkur atriði sem falla þar undir:
 - Ökutækjastyrkur skv. 3. gr. reglugerðarinnar
 - Dagpeningar skv. 6. gr. reglugerðarinnar
 - Einkennisfatnaður sem launagreiðandi lætur launamanni í té
 - Risnufé sem greitt er launamanni skv. reikningi frá þriðja aðila sem endurgreiðsla á risnukostnaði
 - Reiknuð laun barna
 - Starfsmenntunar- og vísindasjóðir stéttarfélaga

Ökutækjastyrkir

- <https://www.skatturinn.is/einstaklingar/tekjur-og-fradraettir/okutaekjastyrkur/>
- Heimilt er að halda utan staðgreiðslu greiðslu launagreiðanda fyrir afnot af bíl launamanns ef notin eru vegna aksturs í þágu launagreiðanda
- Það þarf að færa akstursdagbók eða akstursskýrslu þar sem fram þarf að koma:
- Hver ferð, dagsetning, ekin vegalengd, aksturserindi, kílómetragjald greitt launamanni, nafn og kennitala launamanns og einkennisnúmer ökutækis.
- Akstur launamanns á milli heimili og vinnu fellur ekki hér undir en fari hann til vinnu sinnar á annan stað en venjulega (að beiðni vinnuveitanda) fellur það hér undir
- Ef launamaður fær greiddan rekstrarkostnað á bifreið sem notuð er í þágu launagreiðanda, skv. framanlögðum reikningum þá gildir það sama um þær greiðslur og um ökutækjastyrki og teljast þær til tekna við ákvörðun staðgreiðslu

Ökutækjastyrkir frh.

- Greiða skal staðgreiðslu af ökutækjastyrkjum sem ekki falla undir 3 gr. þessarar reglugerðar

Dagpeningar, ferðapeningar og ferðakostnaður

- Dagpeningar
- Það má halda utan staðgreiðslu greiðslum launagreiðanda á ferðakostnaði launamanns á vegum hans (skv. reikningum þriðja aðila)
- Það má halda utan staðgreiðslu dagpeningum eða hliðstæðum endurgreiðslum vegna ferða- og dvalarkostnaðar, sé fjárhæðin innan marka sem leyfist skv. rsk
- Fyrir verður að liggja bókhaldi gögn um tilefni ferðar, fjölda dvalardaga, fjárhæð ferðapeninga/dagpeninga frá þriðja aðila og svo nafn og kennitala launamanns
- Af öðrum greiðslum vegna ferðalaga launamanns ber að reikna staðgreiðslu en þó getur launamaður lagt með skattframtali sínu gögn um kostnað vegna ferðar

Hlutföll og fjárhæðir í staðgreiðslu

- Hér er hægt að sjá hlutföll og fjárhæðir í staðgreiðslu:
 - [Staðgreiðsla 2026](#)
- Persónuafslátturinn dregst frá reiknuðum tekjuskatti
 - [Persónuafsláttur](#)
- Hægt er að nýta 100% ónýttan persónuafslátt maka

Frádráttarbært iðgjald

- Lífeyrисиðgjald sem halda má utan staðgreiðslu er 4% af launum eða reiknuðu endurgjaldi
- Eins má draga frá séreignasjóðslífeyrисиðgjald allt að 4%
- Einstaklingar með rekstur á eigin kennitölu reikna sér laun eftir sérstökum reglum um reiknað endurgjald og skila staðgreiðslu af því.
- Reiknað endurgjald má ekki vera lægra en það sem hann hefði haft í laun fyrir sama starf hjá ótengdum og óskyldum aðila.
 - Hér er hægt að sjá viðmiðunarfjárhæðir:
 - Almennt um reiknað endurgjald og viðmiðunarfjárhæðir

Tryggingagjald

Tryggingagjald er gjald sem launagreiðendum ber að greiða af heildarlaunum launamanna sinna og eftir atvikum af eigin reiknuðu endurgjaldi

Tryggingagjaldið er innheimt í staðgreiðslu og telst til launatengda gjalda

Hér er hægt að sjá hlutfall tryggingagjalds af heildarlaunum og hvernig það er sundurliðað:

Tryggingagjald

Orlof

- <https://island.is/orlofsrettur>
- Launafólk á rétt á orlofi. Þetta er réttur til að taka orlofsdaga og fá laun á meðan á orlofi stendur
- Starfsmaður vinnur sér inn minnst tvo orlofsdaga fyrir hvern unnin mánuð
- Orlofsárið er frá 1. maí - 30. apríl
- Lágmarkskorlof er 24 dagar ár ári fyrir fullt starf
- Orlofstímabilið er frá 2. maí - 15. september
- Réttur til að taka orlof í heilu lagi
- Greiddir skattar og gjöld af orlofi eins og öðrum launum
- Ef starfsmaður hættir störfum þarf að greiða honum út áunnið orlof

Dæmi um orlofsútreikning

Útreikningur orlofslauna

Dæmi um útreikning orlofslauna:

Jósafat hafði eftirfarandi laun:

Dagvinna	150.000 kr
Vaktaálag	20.000 kr
Yfirvinna	20.000 kr
Heildarlaun	190.000 kr

10,17% af þeirri upphæð er orlof og við reiknum það svona: $190.000 \cdot 0.1017 = 19.323$ kr

Þessari upphæð er breytt í orlofsstundir með því að deila í hana með gildandi dagvinnutímakaupi, sem er kr. 850 kr (upphæðin er hér notuð sem dæmi).

Það gerum við svona: $19.323/850 = 22.73$ orlofsstundir vegna Júní.

Svona reiknast og safnast saman orlofsstundir fyrir hvern unninn mánuð.

Segjum að þessi maður hafa áunnið sér samtals 200 orlofsstundir á orlofsárinu. Þegar hann fer í orlof sumarið 2007 hefur tímakaupið breyst og er orðið kr. 870. Orlofslaun hans verða því 870×200 eða kr. 170.000.